

Garðar Jónsson

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð

1 9 8 1

Suðurlandsumdæmi.

## 1. Veðurfar ársins.

1.1 Veturinn frá áramótum var kaldur, snjóþungur og mikil svellalög á jörðu. Í apríl var þó sámilega góð veðráttta. Snjóá tók upp og mikið gekk á klaka sem komið hafði í jörðu. Góð veðráttta var í maí, nokkuð þurr, en ekki til skaða. Júní og júlí ágætis veðráttta, en verða þó sennilega taldir kaldir í veðurskýrslum. Ágúst úrkomusamur, en í meðallagi hvað hita snertir. September þurr og kaldur, töluvert frost kom 4. sept. Október kaldur, þurr og mikið um moldrok ofan af hálandinu. Nóvember og desember kaldir og þurrir, þó kom dálítill snjór seinni partinn í nóvember, en hann hélst ekki lengi á jörðu.

1.2 Hita- og úrkomumælingar við Búrfellsstöð og meðaltal árunna 1931-1960 á Hæli í Gnúpverjahreppi.

Árið 1981			Meðaltal 1931 - 1960	
Mán.	Meðalhiti°	Úrkoma (mm)	Meðalhiti°	Úrkoma (mm)
Jan.	- 4,5	161,4	- 1,7	87
Febr.	- 3,5	68,5	- 1,6	82
Mars	- 3,5	45,7	0,3	82
Apríl	1,5	82,7	2,2	73
Maí	4,5	29,8	6,6	59
Júní	7,2	72,2	9,9	62
Júlí	9,4	36,6	11,7	78
Ágúst	10,0	96,3	10,7	91
Sept.	5,6	62,1	7,8	107
Okt.	- 1,8	38,6	3,7	131
Nóv.	- 2,6	63,3	1,2	102
Des.	- 5,0	84,0	- 0,4	97
Árið	1,4	841,2 mm	4,2	1051 mm

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### 2.1 Laufgun og lauffall birkis.

Laufgun á birki í trjágróðum á Selfossi tel ég að hafi verið um 5. júní. Er þar mest um Bæjarstaðakvæmi að ræða. Nokkrum dögum síðar er venjulega laufgun í uppsveitum Árnessýslu. Á Þórsmörk er laufgun veljulega um svipað leyti og í gróðum á Selfossi.

### 2.2 Vöxtur.

Ársvöxtur var yfirleitt í lélegu meðallagi. Þó var vöxtur mjög góður í þeim reitum sem áburður var borinn á.

### 2.3 Fræfall.

Fræ á trjágróðri var yfirleitt mikið. Safnað var af sitkagreni á Tumastöðum, Múlakoti og Hlíðarendakoti. Af birki var safnað á Tumastöðum. Þetta fræ var allt skilið eftir á Tumastöðum. Safnað var birkifræi í Haukadal og það sent að Mógilsá. Einnig var safnað birkifræi á Þórsmörk og Þjórsárdal og er það á Tuma-stöðum. Vinnukostnaður við fræsofnun varð kr. 7.881.00

### 2.4 Skaðar.

Eins og venjulega gulnuðu nálar á stafafuru seinni part vetrar, en það lagaðist er líða tók á sumar. Aftur á móti er ég hræddur við toppskaða á sitkagreni næsta vor, því ársvöxtur var ekki orðinn trjákenndur þegar fyrstu frost komu í haust.

### 3. Starfsfólk.

19 manns voru á launaskrá á árinu hjá Deild 11. Laun og aðrar greiðslur til þessa fólks á árinu urðu kr. 631.006.00 Af þessu fólki eru tveir fastráðnir starfsmenn (BSRB) sem starfa allt árið. Laun og aðrar greiðslu til þeirra voru kr. 270.843.00. Samtals urðu því greiðslur til ASÍ-fólks kr. 360.163.00

Eftir mánuðum skiptist lausráðið fólk þannig:

jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1	0	0	0	8	11	11	13	5	5	5	2

### 4. Girðingar.

Viðhald á girðingum var með hefðbundnum hætti. Ástand girðinga eftir snjóþungan vetur var betra en búast mátti við.

Um miðjan maí voru girðingarnar í Hrauntúni og Laugarvatni lagfærðar, var það lítið verk. Seinnipart maímánaðar var Þjórsárdalsgirðing sett í lag. Á næsta ári þarf töluvert að lagfæra hana, sérstaklega í sambandi við hlið og eins, þar sem girt er yfir Fossá, þar þyrfti helst að aka grjóti að garði, sem girt er eftir, því áin er að brjóta garðinn niður og um aðra leið er ekki að ræða með girðinguna. Áriðandi er að hafa Þjórsárdalsgirðinguna trausta, því afréttarfé Flóa, Skeiða og Gnúpverja sækja með miklum þunga að komast inn í hana eftir mitt sumar.

Á Þórsmörk var farið til viðgerða á girðingunni 9. júní og verið eina viku. Þeirri girðingu verður að draslást við að viðhalda eins og verið hefir á undanfarandi árum, en treysta frekar á verði, sem eru þar sumarlangt að stugga fé út úr girðingunni eftir hendinni.

30. júní var farið til viðgerða á Klausturs og Hlíðargirðingu. Tók sú viðgerðarferð 4 daga fyrir 3 menn. Betur mátti standa að viðhaldi á Klaustursgirðingu, því staðarfólk kvartar mikið undan, hvað mikið fé sé í girðingunni.

Bóndinn í Klofa á Landi sá um viðhald á girðingunni í Skarfanesi eins og undanfarandi ár. Samtals voru vinnulaun við viðhald á girðingum kr. 19.547.00

## 5. Skógarhögg.

### 5.1 Jólatré.

Í ár var borið á jólatrésreiti betur en oftast áður, bæði var flogið með áburð á rauðgrenigróðursetningar og eins handdreift á jólatrésreiti. Flogið var á Lambahöfða með 4 tonn, en handdreift á smærri reiti. Árangur lét ekki á sér standa, jólatré hafa aldrei verið jafnfalleg og nú. Byrjað var að höggva jólatré 26. október og verið að til 27. nóvember. Veðráttta var mjög óhagstæð meðan á högginu stóð, þurr og mikil frost, og voru jólatrén mjög stökk.

Samtals voru höggvin 4200 rauðgreni, 47 stafafurur og 17 þintré. Af þessu seldust ekki um 760 tré, mest í stærðunum 0.70 - 1.25 m. Söluverðmæti seldra jólatrjáa um 370 þús. kr. Vinnulaun vegna jólatrjáa kr. 52.968,00

### 5.2 Stærðarflokkar af seldum jólatrjám.

Stærð.	Rauðgreni	Stafafura	Þinur
0.70 - 1.00	590	1	17
0.01 - 1.25	780	17	
1.26 - 1.50	918	11	
1.51 - 1.75	596	7	
1.76 - 2.00	344	6	
2.01 - 2.50	143	5	
2.51 - 3.00	31		
3.01 - 4.00	29		
4.01 - 5.00	6		
5.01 - 6.00	3		
Samtals	3440	47	17

## 6. Gróðursetning.

### 6.1 Þjórsárdalur.

Gróðursetning hófst 19. maí og var jörð þá að mestu orðin klakalaus. Vorgróðursetningu lauk 26. júní. Byrjað var að planta lerki frá Tanny Tuve. Litlu magni af þessum plöntum hafði verið plantað 3. nóv. 1980, en afgangurinn stóð í rúllum í Þjórsárdal yfir veturinn. Að sjá voru plönturnar sem gróðursettar voru 3. nóv. síst lakari en þær sem staðið höfðu í rúllum um veturinn og gróðursettar voru 19-21 maí 1981. Allar voru nokkuð toppkálnar, en ekki stóran mun að sjá. Mestu var plantað á Hallshöfða og við Kornásagil.

Fyrir utan hefðbundnar skógarplöntur var gróðursett dálítið af 3/0 asparplöntum af ýmsum kvæmum, sem aldar voru upp í Þjórsárdal. Grafnar voru góðar holur og húsdýraáburður settur í þær. Allar plönturnar lifðu, enda lítið farnar að laufga, þegar þær voru gróðursettar 2. og 3. júní.

Síðsumars voru svo gróðursettar lerki- og stafafuruplöntur frá Grundarhóli. Klippið var ofan af megninu af lerkinu áður en það var gróðursett.

6.2 Hrauntún.

Fyrstu plönturnar, sem gróðursettar hafa verið í Hrauntúni, var farið með fyrst í ágúst. Gróðursett var lerki og stafafura í Ógrisjað land. Alls varð vinnulaunakostnaður við gróðursetningar kr. 53.027.00

6.3 Gróðursetningar 1981.

Þjórsárdalur, vor .

Sitkabastarður 2231	LaWing	3/3	br	B.887	V	1550 <sup>v</sup> stk
Blágreini 29 kvæmi sjá riss aftast		2/6	m		R	6120 <sup>v</sup> -
Rauðgreini	Ringsaker	2/3	br.	B.761	V	1600 <sup>v</sup> -
Rússalerki 2410 A.2410B.2226.2225	Ranny Tuva	2/1	m	B.942	R	6320 <sup>v</sup>
Stafafura 2410B.2223A.2226.2225.2224	Skagway	2/2	m	B.935	T	6320 <sup>v</sup> -
Rússalerki	Rovaniemi				R	100 <sup>v</sup> -
Alaskaösp 5 kvæmi sjá riss aftast		0/3			Þ	323 <sup>v</sup> -

Þjórsárdalur, haust.

Rússalerki 2321.2150.2062.3410	MoDo	1.p		Q.054	G	14990 <sup>v</sup> -
Stafafura 3221.2151.2120.2121.2122.2123 3410.3315.3316.2248.2231.	Skagway	1.p		C.044	G	12.745 <sup>v</sup> -

Hrauntún, haust.

Rússalerki	MoDo	1.p		C 054	G	2.300 <sup>v</sup> -
Stafafura	Skagway	1.p		C.044	G	4.400 <sup>v</sup>

Samtals ----- 57.449 *Atk.*

## 7. Hirðing plantna.

7.1 Nokkuð var sagað af teinungi frá gróðursetningum, aðallega í Selhöfðum R. 3114 og 3332, sömuleiðis í Lambahöfða R. 2913. Mikið verk er ennþá unnið í Gullhekturunum 10, en þar þarf bæði að höggva í burtu birki úr skjólbelum og svo þarf að fara að grisja sitkagrenið sjálft. Glyfosat var notað í nokkrum mæli, aðallega til að drepa gras og teinung í óplöntuðum rásum. Virðist það gefa góða rauna og halda aftur af illgresi í fáein ár, vonandi nógu lengi til að plöntur komist af stað áður en teinungurinn vex þeim yfir höfuð. Veðráttu og ófullkomin tæki til úðunar háir við að sptrauta lyfinu. Svo er rétt að fara varlega, því að almenningur er á móti notkun á svona lyfjum.

7.2 Fjórum tonnum af áburði 23:23 var flogið á Lambarhöfðana af Landgræðslu ríkisins með flugvélinni Páli Sveinssyni. Tókst það vel, þó verða alltaf eftir óábornar rásir á milli sem þyrfti að handdreifa á ef vel ætti að vera. Þremur tonnum af tvígildum áburði 23:23 var handdreift á jólatrésreiti. Vinnukostnaður við umhirðu nýskóga varð kr. 18.899,00 og við umhirðu birkiskóga 27.335,00.

## 8. Vélar og verkfæri.

### 8.1 Vörubifreiðin X-2395.

Mótorinn í vörubílnum var gerður upp. Var verkið unnið á verkstæðinu Kistufelli, en mótorinn tekinn úr bílnum og settur í aftur á verkstæði Skógræktarinnar á Selfossi, einnig var girkassinn yfirfarinn og settar í hann nýjar legur. Samtals varð rekstur- og viðgerðarkostnaður kr. 71.308,00 á árinu.

### 8.2 Landrover X-139.

Á árinu fengum við gamlan Landrover-disilmótor hjá Vega-gerðinni, sem gerður var upp á verkstæði Kistufells. Ætlunin var að setja hann í bílinn fyrir sumarið, en til þess vannst ekki tími og verður það að bíða næsta árs. Rekstur og viðgerðarkostnaður bílsins á árinu varð kr. 53.568,00

### 8.3 Vinnuvélar og verkfæri.

Keypt var ný JoBu keðjusög, og kostaði hún kr. 4.500,00. Alls varð rekstur og viðhaldskostn. verkfæra kr. 10.778,00. Rekstur og viðhaldskostnaður traktora varð kr. 12.303,00.

9. Ýmislegt.

9.1 Starfsmannafund Skógræktar ríkisins sat ég í Reykjavík dagana 24-27. mars, þar sem gerð var og rædd starfsáætlun ársins. Önnur fundarhöld voru aðallega í vegum Skógræktarfélaganna í umdæminu. Fræðsluferð fór ég ásamt öðru starfsfólki Skógræktarinnar að Hallormsstað 25. og 25. ágúst.

Margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðurlandi. Voru þær ferðir svo til eingöngu í sambandi við framkvæmdir á hverjum stað.

9.2 Ferðafólk. Eins og áður voru útivistarsvæði á Þórsmörk og í Þjórsárdal. Umgengni á þeim stöðum var yfirleitt góð, nema um Hvítasunnuhelgina í Þórsmörk og verzlunarmannahelgina í Þjórsárdal. Þá safnaðist á staðinn skríll sem skildi við staðina eins og allsherjar ruslahaugar væru á svæðunum.

Tveir gæslumenn voru sumarlangt á Þórsmerkursvæðinu og sáu þeir einnig um að stugga sauðfé út úr girðingunni. Á Þjórsárdalssvæðinu skiptust starfsmenn Skógræktarinnar þar um gæsluna um helgar. Á því svæði er svo til engin aðstaða til að taka á móti dvalar eða næturgestum.


Vinnulaunakostnaður á báðum stöðum varð kr. 103.537,00. Upp í það greiddi Dómsmálaráðuneytið kr. 25.000,00.

Innkomið vegna seldra tjaldstæða varð á Þórsmörk kr. 23.240,00 og í Þjórsárdal kr. 15.430,00.

Selfossi 31. des. 1981



Garðar Jónsson



OFEIGSHIFI

Sil.

C 14-02-A

FORBUEGUE.

C 10-08

C 10-09

C 10-10

C 14-F.

C-09-01

C-09-01 A

C 09-06 A

C-09-07

C-10-06

C 10-07